



Fundargerð

17. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026 haldinn á Teams, 5. mars 2024 og hófst hann kl. 8:15.

Mætt voru: Helgi Kjartansson formaður, Kjartan Björnsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sandra Sigurðardóttir, Gestur Kristjánsson og Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður Héraðsnefndar.

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugasemdir komu fram.

2. Niðurstaða Consello eftir yfirferð á tryggingarmálum fyrir HÁ

Formaður fór yfir niðurstöður Consello sem hefur nú yfirfarið tryggingarnar og iðgjöld stofnana sem tilheyra Héraðsnefnd Árnesinga. Eftir yfirferð Consello hefur váttryggingavernd verið augin ásamt því að búið er að leiðrétta taxta og iðgjöld. Þá hafa ofgreidd iðgjöld að upphæð 683.000 verið endurgreidd.

3. Stjórnskipulag Héraðsnefndar. Drög að stofnsamþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann.

Lögð voru fram drög að stofnsamþykktum fyrir Brunavarnir og Tónlistarskólann. Steinunn Erla Kolbeinsdóttir hjá Lögmonnum Suðurlands hefur leitt þá vinnu. Samþykkt að drögin verði lögð fyrir vorfund til umræðu og yfirferðar. Formanni falið að hefja undirbúning vinnu við stofnsamþykkt fyrir söfnin þrjú.

4. Drög að ráðningarsamning við Lýð Pálsson

Formanni falið að ganga frá ráðningarsamningi við Lýð út frá þeim drögum sem lágu fyrir á fundinum.

5. Drög að ársreikningi Héraðsnefndar Árnesinga

Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga fyrir árið 2023 lagður fram.
Framkvæmdastjórn samþykkir hann fyrir sitt leyti og vísar honum til umræðu og undirritunar á vofundi Héraðsnefndar.

6. Vofundur Héraðsnefndar Árnesinga 2024, ákvörðun um staðsetningu og dagsetningu á vofundi

Framkvæmdastjórn samþykkir að vofundur HÁ verði haldinn á Flúðum þann 9. apríl nk.

7. Næsti fundur

Næsti fundur framkvæmdastjórnar verður haldinn þriðjudaginn 19. mars kl. 8:15 á Teams.

Fundi slitið kl. 8:53

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Þór Kristjánsson
Ingibjörg Garðarsdóttir